

Bæjarskrifstofa Garðabæjar	
Mótt.dags.	17.07.2017
Málalýkill	
Mál nr.	



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

**Bæjarskrifstofur Garðabæjar,
Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabæ.**

Kópavogi, 13. júlí 2017
1403302/510.03 BHS

Furugrund 3. Breyting á aðalskipulagi. Tillaga á vinnslustigi.

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs 29. maí 2017 var lögð fram *tillaga á vinnslustigi* að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs á lóð Furugrunda 3. Breytingin nær til reits VP-5, (lóðarinnar nr. 3 við Furugrund) þar sem verslun og þjónusta er breytt í íbúðarsvæði. Verslun- og þjónusta auk geymslna fyrir íbúðir verður í u.þ.b. 1/3 húsnæðisins (kjallara) en íbúðir í u.þ.b. 2/3 hluta (1-2 hæð). Breyta á núverandi húsnæði að Furugrund 3 þannig að byggð verður hæð ofan á núverandi hús. Eftir breytinguna verður húsið að Furugrund 3 um 1.800 m² að samhlöðum gólfleti með allt að 12 íbúðum. Ofangreind breyting kemur til af því að innan reits VP-5 hefur verslunarstarfsemi lagst af að mestu á undanförunum árum og færst á önnur verslunar- og þjónustusvæði meðal annars við Nýbýlaveg.

Vinnslutillagan er sett fram á meðfylgjandi uppdrætti í mkv. 1:10.000 og greinargerð dags. í maí 2017. Skipulagsráð samþykki að framlögð drög verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 Stefnt er að því að ofangreind tillögudrög verði samþykkt í formlega auglýsingu inna fárra vikna. Tillögudrögin eru hér með send bæjaryfirvöldum í Garðabæ til kynningar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllst,


Birgir Hlynur Sigurðsson,
skipulagsstjóri